

Ýmsar efnafræðibækur á íslensku til 1982, í aldursröð. Ártöl eru e.t.v. ónákvæm

H.E. Roscoe: Efnafræði, no. I í syrþunni Stafróf náttúruvísindanna (Macmillan's Science Primers). Kver í litlu broti, 111 bls. Benedikt Gröndal mun hafa þýtt bókina, þótt þess sé ekki getið. Útgefandi Hið ísl. bókmenntafélag, Rvk. 1879.

Benedikt Gröndal: Efnafræði, 1886, 78 bls. Útgefanda var ekki getið.

Helgi Hermann Eiríksson: Ágrip af efnafræði, 1. útg. 1926, höfundur gaf út, 52 bls. 2. útg. 1941, útg. Guðm. Gamalielsson, 78 bls. 3. útg. 1948 var ljósprentun af 2. útg., 4. útg. kom 1962 með stuttum viðbótarkafli um kjarnorku, útgefandi Ísafoldarprentsmiðja, 79 bls. Bókin var líklega kennd í iðnskólum.

Þórir Guðmundsson: Kennslubók í efnafræði. Búfræðirit Búnaðarfélagsins I. Rvk. 1927, 159 bls. Sjálfsagt kennd í bændaskólunum.

Trausti Ólafsson: Kennslubók í efnagreiningu. Rvk. 1931. 87 bls., útgefandi ekki nefndur nema það sé Félagsprentsmiðjan. Ég á ljósprentun frá 1950.

Bjarni Jósefsson: Ágrip af efnafræði. Fyrri hluti, fjölritaður 1927 skv. Kennaratali. Skv. Sögu M.R. var byrjað að kenna þetta fjölrit þar 1928, en bók L.J. Ring á dönsku (sjá neðar) virðist hafa tekið við um 1930. Sagt er að eftir 1937 hafi þær báðar verið kenndar þar í 3. bekk. Ég á fjölrit útg. 1934 37 bls. og 1940 39 bls. Ágrip Bjarna var kennt í M.A. a.m.k. 1933-47 ásamt bók L.J. Ring.

L.J. Ring: Ágrip af lífrænni efnafræði. Rvk. 1939, 30 bls. Þýðanda ekki getið. Einnig kom sama bók út 1942, 30 bls. og þýðandi þá tiltekinn Jón Á. Bjarnason. Þetta er nokkurnvegin III. kafli úr Kemi for Gymnasiet, sjá hér neðar.

Pálmi Jósefsson: Eðlisfræði og efnafræði, í litlu broti. Án ártals (en 1940 skv. Kennaratali og leitir.is), endurprentuð nokkrum sinnum til 1962, 83 bls. (þar af efnafræði á bls. 69-83). 2. útg. 1963 og 3. útg. 1967 voru báðar 110 bls. Ríkisútgáfa námsbóka, í alþekktum flokki bóka fyrir barnaskóla.

Bjarni Jósefsson: Efnafræði, kennslubók, 88 bls. Prentuð og útgefin af Ísafoldarprentsmiðju, Rvk. 1946. Kennd í M.R. til 1961 og í 3. bekk M.A. 1947-61.

Þórir Guðmundsson og Gísli Þorkelsson: Efnafræði. Búnaðarfélag Íslands, 132 bls. 1955.

Rúnar Bjarnason og Örnólfur Thorlacius: Kennslubók í efnafræði, 99 bls. fjölrit 1962. Kennd í 3. bekk M.A. um 1964-69 og í M.R. 1961-69.

Óskar B. Bjarnason: Leiðbeiningar um efnagreiningu. Fjölrit án útgefanda, 68 bls. Rvk. 1963.

Af bókum í stóru broti í Alfræðasafni Almenna bókafélagsins má m.a. nefna Gerviefnin eftir H. Mark útg. 1967 (þýð. Guðmundur E. Sigvaldason) og Efnið eftir R.E. Lapp útg. 1968 (þýð. Gísli Ólafsson), báðar 200 bls.

I. Andersen og K.W. Norböll: Efnafræði I, þunnt fjölrit án árs, blaðsíðutal byrjar á 81. Sigurður Elíasson þýddi lauslega. Einnig þýddi hann eftir sömu höfunda: Eðlis- og efnafræði, fjölrituð. Hefti I fyrir byrjendur kom út líklega 1968 og svo aftur 1969, 125 bls. Hefti II kom 1968 og 1969, 162 bls. Útgefandi Kjölur, Rvk.

Eðlis- og efnafræði. Það voru þrjár bækur, tvær þær fyrstu um eðlisfræði. 3. bók var Efnafasar 1 42 bls. og 2 24 bls. eftir Óskar Maríusson. Þær komu út 1968 (4. útg. 1976) og 1969 (3. útg. 1974) skv. Verkfr.-tali 1981. Ríkisútg. námsbóka.

Efnafræði - vísindi byggð á tilraunum. Svokölluð ChemStudy-kennslubók (Chemistry, an Experimental Science, ritstj. G.C. Pimentel), þýdd af nokkrum framhaldsskólakennurum. Enska útgáfan var kennd í M.R. 1967-69. I. hefti þýðingarinnar kom 1969, og endurskoðað 1970, 184 bls. II. heftið kom 1970, líka 184 bls. Þessi bók var notuð í M.R., M.A., M.H., M.L. og Tækniskólanum lengi. Einnig í 1. og 2. bekk M.T., en einhver Organic Chemistry-bók var kennd þar í 3. og 4. bekk náttúrufræðideildar upp úr 1970 skv. skólaskýrslu. M.H. var fyrst ábyrgur fyrir útgáfunni á ChemStudy, svo tók Alm. bókafélagið við.

Ólífræn efnafræði fyrir Vélaskóla Íslands. Guðm. H. Guðmundsson 1970, 89 bls.

T. Brandt: Efnafræði, þýð. Sigurður Elíasson. Í 2 heftum, 169 bls. um 1975. Almenna bókafélagið.

Sigfús Ólafsson: Efnafræði, laus blöð. Bændask. á Hvanneyri 1976, 117 bls.

S. Andersson, I. Leden og A. Sonesson: Efnafræði 1. Sigurður Elíasson og Hannes Jónsson þýddu. Í stóru broti. Almenna bókafélagið, 1. útg. 1977, 155 bls. Efnafræði 2 kom 1978, 126 bls. Einnig námsvísir, 61 bls.

Jóhann Sigurjónsson: Lífræn efnafræði. Gefin út af M.A. 1981 og síðar, 135 bls.

Bjarni Steingrímsson: Efnafræði 1, í stóru broti, 105 bls. Tæknisk. Íslands 1982.

Þorsteinn Hannesson: Efnafræði, 121 bls. Útg. Tækniskóli Íslands 1982.

Hörður Kristjánsson: Lífræn efnafræði. Gefin út af M.H. 1982, 171 bls.

Atriði úr efnafræði koma við sögu í mörgum öðrum ritum á íslensku á tímabilinu til 1982, allt frá steinafræðum Benedikts Gröndal 1878 og Bjarna Sæmundssonar 1900. Einnig í bókum um líffræði almennt, næringu og heilsu fólks og búfjár, mjólkurfræði og lyf, kennsluefni fyrir iðngreinar o.s.frv.

Nokkrar erlendar bækur notaðar við kennslu héraendis, eða við skóla sem Íslendingar sóttu

O.T. Christiansen: Populær Kemi, Kbh. 1899. Glósuð af Sigurði Pálssyni.

J. Sebelien: Lærebok i Kemi, Kristiania 1912. Þessi bók var ætluð búnaðar-, mjólkurfræði- og skógræktarnemum. Eintak mitt er merkt Ingólfur og Skúli.

Th. Sundorph: Kemi for Middelskolen, var kennd í 2. og 3. bekk M.R. 1907-28.

A. Östergaard: Kemi, en Lærebog for Gymnasiet, var kennd í M.R. 1952-65.

L.J. Ring: Kemi for Gymnasiet útg. 1929, var kennd í 4. bekk M.R. um 1930-52, e.t.v. aðeins sumir kaflar. Hún var kennd í 5. bekk M.A. 1934-64. Eintak mitt af 2. útg. 1933 er merkt Marteinn (Björnsson, stúd. M.A. '36) & Þorbjörn. Kver Rings með Övelser og Opgaver var líka notað þar.

N. Bjerrum: Lærebog i Uorganisk Kemi fyrir nema á Kgl. Veterinær- og Landbohöjskole, 5. útg. 1946. Merkt og glósuð af Jóhannesi Eiríkssyni, sem var búfræðikandidat þaðan 1957.

E. Biilmann: Lærebog i Organisk Kemi, endurskoðuð af H. Lund, Kbh. Ég á eintak af 10. útg. útgáfu 1956 merkt og glósað af Þorvarði Brynjólfssyni stud. med. (f. 1938). Bókin hefur því líklega verið kennd í Læknadeild H.Í. um 1960.

F. Andersen, H. Asmussen, O. Bostrup og K.G. Hansen: Kemi 1-2 for Gymnasiet, útg. 1963-64 og síðar. Kennd í M.A. 1964-69, og í M.R. 1965-67.

J. Graae: Biokemi for Gymnasiet, Kbh. 1966, var kennd í náttúrufræðideild M.A. kringum 1970, og Biokemi eftir O. Nylander í M.R. um svipað leyti.

Bók M.J. Sienko og R.A. Plane: Chemistry, Principles and Properties sem kom fyrst út á vegum höfundanna sjálfra 1957, boðaði nýja tíma í efnafræðikennslu háskóla. Síðari útgáfur voru kenndar við H.Í., allavega í námskeiðinu Almenn efnafræði við upphaf B.S.-náms í nýrri Verkfræði- og raunvísindadeild 1969-70.

Leó Kristjánsson, okt. 2017